

89. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 11. september 2018.

Fundargerð

Fundurinn haldinn hjá Austurbrú á Egilsstöðum og hófst kl. 14:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Jón Björn Hákonarson (JBH), Gauti Jóhannesson (GJ), Sveinn Jónsson (SJ), Sigrún Blöndal (SB)

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS).

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁP) sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Skúli Björn Gunnarsson, formaður starfsháttanefndar og Ásdís Helga Bjarnadóttir nefndarmaður starfsháttanefndar.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 88
2. Kynning á niðurstöðu ársfundar SSA er varðar tillögu millipinganefndar
3. Framhaldsársfundur Austurbrúar 25. september
4. Önnur mál

Formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti fundarins velkomna.

1. Staðfesting fundargerðar nr. 88

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 88

2. Kynning á niðurstöðu ársfundar SSA er varðar tillögu millipinganefndar

Formaður stjórnar kynnti ályktun er samþykkt var á aðalfundi SSA þann 8. september sl. Unnið verður áfram á grundvelli ályktunarinnar í haust og unnið að því að leggja niðurstöðu vinnunnar fyrir aukafund hjá SSA í lok janúar 2019 og í framhaldinu ársfund Austurbrúar.

Framkvæmdastjóra er falið að taka saman gögn og upplýsingar fyrir nýja stjórnarmenn Austurbrúar þannig að vinnan komist hratt af stað eftir framhaldsársfund Austurbrúar.

3. Framhaldsársfundur Austurbrúar 25. september

Skuli Björn Gunnarsson formaður starfsháttanefndar og Ásdís Helga Bjarnadóttir nefndarmaður í starfsháttanefnd komu til fundarins og kynntu þau atriði sem hafa þarf í huga varðandi undirbúning framhaldsársfundar Austurbrúar. Unnið er að uppstillingu stjórnar og þegar tilnefning berst frá SSA mun nefndin leggja fram sína tillögu um stjórnar- og nefndarkjör sem sent verður út með fundarboði um framhaldsársfund þann 25. september 2018 hjá Austurbrú á Egilsstöðum.

Þegar gögn liggja fyrir mun framkvæmdastjóri senda út fundarboð til stofnaðila og fulltrúa hagsmunaaðila í samræmi við ákvæði skipulagsskrár.

Starfsháttanefnd tók til umfjöllunar sameiningar stofnaðila og áhrif þess á stofnaðilaskrá Austurbrúar og atkvæðamagn á ársfundi. Fengið hefur verið álit lögmanns Austurbrúar og mun starfsháttanefnd leggja fram drög að bókun varðandi málefnið sem kynnt verður á ársfundinum.

Skúli Björn og Ásdís Helga yfirgáfu fundinn að þessum lið loknum.

4. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri fór yfir fyrstu sýn á fjárlög 2019 og vinnuna sem er framundan í tengslum við samninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála er varða reiknireglu sem mun liggja til grundvallar fjármagni til atvinnuþróunar árið 2019 skv. samningum við Byggðastofnun.

Næsti fundur verður framhaldsársfundur Austurbrúar þann 25. september á Egilsstöðum kl. 15.00-16:00. Fundi slitið kl. 14:45

Jón Björn Hákonarson

Sigrún Blöndal

Sveinn Jónsson

Gauti Jóhannesson

Sæunn Stefánsdóttir